

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Dalabyggðar, nr. 391/2018.

1. gr.

Við j-lið 2. mgr. 16. gr. samþykktarinnar bætist nýr málslíður svohljóðandi:

Ekki skal færa í gerðabók greinargerðir, fyrirspurnir sem gert er ráð fyrir að svarað verði á öðrum vettvangi en í sveitarstjórn eða hvers konar skriflegan málflytning um afstöðu sveitarstjórnarfulltrúa eða sveitarstjóra til máls sem til meðferðar er.

2. gr.

5. mgr. 35. gr. samþykktarinnar hljóði svo:

Í umhverfis- og skipulagsnefnd, félagsmálanefnd, fræðslunefnd og menningarmálanefnd og atvinnumálanefnd skal sitja a.m.k. einn sveitarstjórnarmaður.

3. gr.

2. mgr. 39. gr. samþykktarinnar hljóði svo:

Um fundi nefnda, boðun þeirra, ályktunarhæfi og atkvæðagreiðslur gilda ákvæði III. kafla samþykktar þessarar og sveitarstjórnarlaga eftir því sem við getur átt.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 48. gr. samþykktarinnar:

- a) Við 2. tölulið A-liðar samþykktarinnar bætist nýr málslíður svohljóðandi:
Umhverfis- og skipulagsnefnd fer með fullnaðarákvörðun um matsskyldu framkvæmda þegar sveitarfélagið er sjálft framkvæmdaaðili.
- b) 7. töluliður A-liðar samþykktarinnar hljóði svo:
Fjallskilanefndir. Sveitarstjórn kýs þrjá fulltrúa í hverja nefnd og einn til vara, að frátalinni fjallskilanefnd Suðurdala þar sem eru fimm fulltrúar og þá tveir til vara, sbr. 2. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986. Nefndirnar eru: Fjallskilanefnd Skógarstrandar, fjallskilanefnd Suðurdala, fjallskilanefnd Laxárdals, fjallskilanefnd Hvammssveitar, fjallskilanefnd Fellsstrandar, fjallskilanefnd Skarðsstrandar og fjallskilanefnd Saurbæjar. Sveitarstjórn getur sameinað einstaka nefndir komi fram óskir þess efnis og þá eftir atvikum fjölgað fulltrúum í sameinaðri nefnd.
- c) B-liður samþykktarinnar hljóði svo:
 1. *Almannavarnanefnd.* Sveitarstjórn skipar fulltrúa skv. samkomulagi við önnur sveitarfélög á Vesturlandi skv. 9. gr. laga um almannavarnir nr. 82/2008.
 2. *Barnaverndarnefnd Borgarfjarðar og Dala.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. III. kafla og 87. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Þar af skipar Dalabyggð einn aðalmann og einn varamann. Félagsmálanefnd tilnefnir aðal- og varamann úr sínum röðum.
 3. *Heilbrigðisnefnd.* Sveitarstjórnir á Vesturlandi kjósa sameiginlega fimm aðalmenn og jafnmarga til vara í nefndina skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Sveitarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa á aðalfund.
 4. *Ungmennaráð.* Sveitarstjórn skipar að tillögu fræðslunefndar fjóra fulltrúa ungs fólks í ungmennaráð skv. æskulýðslögum nr. 70/2007. Ungmennaráð er m.a. sveitarstjórn til ráðgjafar um málefni ungs fólks í Dalabyggð.
 5. *Öldungaráð Dalabyggðar og Reykhóla.* Sveitarstjórn skipar tvo fulltrúa og tvo til vara.
 6. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.* Samkvæmt samþykktum Sambands íslenskra sveitarfélaga kýs sveitarstjórn aðal- og varafulltrúa á landsþing sambandsins.
 7. *Fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands.* Sveitarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa í fulltrúaráð Eignarhaldsfélags Brunabótafélags Íslands, sbr. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.
 8. *Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi.* Sveitarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa á aðalfund skv. samþykktum samtakanna og tilnefnir fulltrúa í stjórn/varastjórn.

9. *Sorpurðun Vesturlands*. Sveitarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa á aðalfund. Þegar Dalabyggð á fulltrúa í stjórn Sorpurðunar Vesturlands þá skal hann valinn af sveitarstjórn.
10. *Fjölbrautaskóli Vesturlands*. Sveitarstjórn kýs einn fulltrúa í fulltrúaráð skólans og einn til vara.
11. *Dalagisting ehf.* Sveitarstjórn kýs fulltrúa á aðalfund og tilnefnir tvo fulltrúa í stjórn og tvo til vara
12. *Dalaveitur ehf.* Sveitarstjórn kýs fulltrúa á aðalfund og tilnefnir þrjá fulltrúa í stjórn og þrjá til vara.
13. *Samráðsvettvangur Vesturlands*. Sveitarstjórn tilnefnir fulltrúa skv. ákvörðun stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi.
14. *Fasteignafélagið Hvammur*. Sveitarstjórn kýs fulltrúa á aðalfund og tilnefnir einn fulltrúa í stjórn og einn til vara.
15. *Fóðuriðjan Ólafsdal ehf.* Sveitarstjórn kýs aðal- og varafulltrúa á aðalfund og tilnefnir einn fulltrúa í stjórn og annan til vara.
16. *Minningarsjóður Ólafs Finnssonar og Guðrúnar Tómasdóttur (Fellsenda)*. Oddviti situr í stjórn minningarsjóðsins skv. stofnskrá hans.
17. *Breiðafjarðarnefnd*. Sveitarstjórn tilnefnir aðal- og varafulltrúa.
18. *Meningar- og framfararsjóður Dalasýslu*. Sveitarstjórn tilnefnir einn fulltrúa í stjórn sjóðsins og tvo skoðunarmenn.
19. *Minningarsjóður Finns Jónssonar frá Geirmundarstöðum*. Sveitarstjórn tilnefnir einn fulltrúa til setu í stjórn til fjögurra ára í senn.
20. *Minningarsjóður Péturs T. Oddssonar (prófasts að Hvammi)*. Sveitarstjórn tilnefnir einn fulltrúa til setu í stjórn til fjögurra ára í senn.
21. *Veiðifélag Laxdæla*. Sveitarstjórn kýs fulltrúa á aðalfund og annan til vara.
22. *Veiðifélag Laxár í Hvammssveit*. Sveitarstjórn kýs fulltrúa á aðalfund og annan til vara.
23. *Bakkahvammur hses*. Sveitarstjórn kýs sex fulltrúa til setu í fulltrúaráði húsnæðissjálfs-eignarstofnunarinnar.
24. *Svæðisskipulagsnefnd Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar*. Sveitarstjórn kýs tvo fulltrúa í nefndina og tvo til vara.
25. *Byggðasamlag um Brunavarnir Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar*. Sveitarstjóri er fulltrúi í stjórn en sveitarstjórn kýs einn til vara.

5. gr.

Við samþykktina bætist ný grein, 49. gr., svohljóðandi með fyrirsögn og breytast númer annarra greina til samræmis:

Framsal sveitarstjórnar til starfsmanna til fullnaðarafgreiðslu mála.

Í því skyni að stuðla að hagræðingu, skilvirkni og hraðari málsmeðferð er sveitarstjórn heimilt að fela starfsmönnum fullnaðarafgreiðslu mála. Skal kveðið á um slíkar heimildir í samþykkt um stjórn og fundarsköp eða í sérstökum viðauka með samþykkt þessari. Byggðarráð hefur eftirlit með fullnaðarafgreiðslu starfsmanna og kallar reglulega eftir skýringum og upplýsingum.

Starfsmanni er alltaf heimilt að vísa ákvörðun skv. þessari grein til byggðarráðs.

Að uppfylltum skilyrðum 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 um endurupptöku, á aðili máls rétt á því að mál hans verði tekið fyrir á ný. Beiðni um endurupptöku skal beint til byggðarráðs.

6. gr.

Við samþykktina bætast tveir viðaukar um fullnaðarafgreiðslur starfsmanna í samræmi við heimildir 49. gr. samþykktarinnar, sbr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Viðaukarnir varða fullnaðarafgreiðslur á eftirtöldum málefnasviðum:

1. umsagnir um rekstrar- og tækifærisleyfi,
2. byggingarfulltrúa.

Viðaukarnir eru birtir með samþykkt þessari.

7. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Dalabyggðar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 21. apríl 2020.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.

VIÐAUKI I

Umsagnir sveitarstjóra um rekstrar- og tækifærisleyfi.

1. gr.

Sveitarstjóra í umboði sveitarstjórnar er heimilt samkvæmt lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald nr. 85/2007 og gildandi lögreglusamþykkt að veita umsögn:

- a) Vegna umsóknar um rekstrarleyfi til sölu gistingar og/eða veitinga og sölu veitinga, hvort sem er í mat eða drykk, bæði áfengs og óáfengs, og/eða útleigu samkomusala í atvinnuskyni, sbr. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007.
- b) Vegna umsóknar um tækifærisleyfi fyrir einstakar skemmtanir og atburði sem fram fara utan veitinga- og gististaða í atvinnuskyni, sbr. 4. mgr. 17. gr. laga nr. 85/2007.

2. gr.

Að uppfylltum skilyrðum 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 um endurupptöku, á aðili máls rétt á því að mál hans verði tekið fyrir á ný. Beiðni um endurupptöku skal beint til byggdarráðs.

VIÐAUKI II

Embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa.

1. gr.

Byggingarfulltrúi Dalabyggðar afgreiðir án staðfestingar umhverfis- og skipulagsnefndar og sveitarstjórnar mál sem talin eru upp í 2. gr. þessa viðauka og falla undir lög um mannvirki nr. 160/2010 og skilgreind eru sem verkefni byggingarnefndar, sbr. heimild í 49. gr. samþykktar þessarar og 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 með síðari breytingum.

2. gr.

Um afgreiðslu byggingarleyfa gilda ákvæði III. kafla laga um mannvirki nr. 160/2010. Byggingarfulltrúa er því heimilt, sbr. 1. gr., að gefa út byggingarleyfi að uppfylltum þeim skilyrðum sem fram koma í 13. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og 2.4.4. gr. í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Afgreiðslur byggingarfulltrúa skv. 1. mgr. skulu fara fram á formlegum afgreiðslufundum byggingarfulltrúa og skulu haldnar fundargerðir yfir afgreiðslur hans með sama hætti og gildir um fastanefndir Dalabyggðar.

3. gr.

Framangreindar afgreiðslur byggingarfulltrúa skulu lagðar fram til kynningar á næsta reglulega fundi umhverfis- og skipulagsnefndar og sveitarstjórnar.

4. gr.

Byggingarfulltrúi getur ávallt vísað máli skv. 2. gr. til afgreiðslu umhverfis- og skipulagsnefndar og/eða sveitarstjórnar. Ef ætla má að aðili máls muni ekki sæta niðurstöðu byggingarfulltrúa skal hann vísa málinu til umfjöllunar umhverfis- og skipulagsnefndar.

5. gr.

Um afgreiðslur byggingarfulltrúa gilda eftir því sem við á ákvæði laga um mannvirki nr. 160/2010, ásamt ákvæðum í þeim reglugerðum sem settar eru á grundvelli laganna og samþykktu og reglna sveitarstjórnar er til þeirra taka.

6. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings vegna afgreiðslu byggingarfulltrúa skv. 2. gr. eða komi hann á framfæri kvörtun, skal honum leiðbeint um heimild til að óska endurupptöku erindis í byggðarráði með hliðsjón af 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Telji byggðarráð að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal umhverfis- og skipulagsnefnd taka erindið upp að nýju.

Aðila máls skal leiðbeint um rétt hans til að skjóta málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála samkvæmt lögum nr. 130/2011, þ. á m. um kærufrest.